



### **Fasteignagjöld:**

i) Fasteignaskattur:

A-liður Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og það er skilgreint í a-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 verður 0,45% af heildarfasteignamati.

B-liður Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í b-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 verður 1,32% af heildarfasteignamati.

C-liður Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis og annarra eigna eins og þær eru skilgreindar í c-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 verður 1,50% af heildarfasteignamati.

Afsláttur sem er veittur tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um tekjuviðmið sem samþykkt var í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. apríl 2011.

ii) Vatnsgjald:

Vatnsgjald verður 0,3% af heildarfasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitu sveitarfélagsins. Hámarksálagning verður 68.928 á sumarhús og íbúðarhús. Lágmarksálagning verður 20.692,-.

iii) Gjaldskrá fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Bláskógabyggð:

Fráveitugjald verði 0,27% af heildarfasteignamati eigna sem tengjast fráveitukerfum sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við tæmingu rotþróa, skv. 18. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð.

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað fimmta hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0 –6000 lítra kr. 16.391.

Rotþró 6001 lítra og stærri kr. 3.180 pr./m<sup>3</sup>

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað fimmta hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0 –6000 lítra kr. 13.410.

Rotþró 6001 lítra og stærri kr. 2.602 pr./m<sup>3</sup>

Fyrir aukahreinsun, að beiðni eiganda, greiðist eftirfarandi:

Um aukahreinsun og gjald fyrir hana fer samkvæmt gjaldskrá vegna móttöku og hreinsunar á seyru hjá Umhverfis- og tæknisviði uppsveita bs.

Afsláttur sem er veittur tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um tekjuviðmið sem samþykkt var í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. apríl 2011.

iv) Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði 1% af fasteignamati lóða.

v) Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs 2025:

Gjald fyrir grunneiningu íláta við íbúðarhúsnæði

Tegundir úrgangs og ílát:

Blandaður heimilisúrgangur (grátunna) 240 l ílát	37.546 kr.
Lífrænn heimilisúrgangur (brúntunna) 240 l ílát	8.774 kr.
Pappi og pappír 240 l ílát (blátunna)	5.243 kr.
Plast 240 l ílát (græntunna)	5.243 kr.

Gjald fyrir fastan kostnað, rekstur söfnunarstöðva og meðhöndlun úrgangs

Innheimta skal gjald fyrir fastan kostnað og rekstur söfnunarstöðva (gámastöðva):

Íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði 31.191 kr.

Innheimta skal gjald vegna meðhöndlunar úrgangs:

Lögbýli	20.821 kr.
Atvinnuhúsnæði (fyrirtæki)	45.197 kr.

Klippikort verða afhent greiðendum sorpeyðingargjalda.

Móttökugjald á einn m<sup>3</sup>: 7.300 kr.

Gjalddagar fasteignagjalda verði 8 talsins, innheimt mánaðarlega frá 1. febrúar 2025.

Eindagar eru 30 dögum eftir gjalddaga.

Texti gjaldskráa eins og hann er birtur í B-deild Stjórnartíðinda gengum framur þessum texta ef misræmi reynist vera.